


ØSTEF



Árs- og gagnsæisskýrsla
2022-2023

EFNISYFIRLIT

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Ávarp stjórnarformanns	5
Starf stjórnar & skrifstofu STEFs frá maí 2022 til maí 2023:	
Skipan stjórnar STEFs	6
Skipan fulltrúaráðs STEFs	6
Aflagning flokkunarkerfis og stofnun Stórverkasjóðs	7
Ný og uppfærð heimasíða og „Mínar síður“	7
Hlutfall kvenna eykst - Úthlutunarhlutfall þó enn lágt	8
Nýr samningur við Sinfó	8
Samningur við TikTok	8
Þjónustukönnun STEFs 2022	9
Verkefnið „Vindur í seglum“ endurtekið	9
Starfsmannamál	9
Ný verðskrá fyrir dansskóla og líkamsrækt	10
Niðurstaða gerðardóms v. IHM-úthlutunar	10
Ytra umhverfi:	
Dökk skýrsla um streymismarkaðinn	11
Sérstök tekjufallsúthlutun v. COVID-19	11
Breyting á lögum um endurgreiðslu v. hljóðritunar	11
Lagasetning um Tónlistarmiðstöð og tónlistarstefnu	12
Ýmislegt úr starfinu:	
Dagur íslenskrar tónlistar	13
Íslensku tónlistarverðlaunin 2023	13
Bjartmar heiðraður á tímamótum	14
Jón Ásgeirsson sæmdur heiðursmerki	14
Egill heiðursmaður Ólafsson	14
Viðburðir, vinnustofur & fleira:	
„Allt í lagi!“ - Hvernig komast lög í útvarp?	15
„Ég lifi í straumi“ - Fræðslufundur um streymisheima	15
„Straumbreytir“ - Um útgáfumál nú á tímum	15
„Hvernig virkar þetta?“ - Fræðslukvöld fyrir félagskonur KÍTÓN	16
Lagasmíðabúðir Mantik Music	16
Lagasmíðabúðir í Póllandi	16
STEFnumót á Menningarnótt	16
Tengd félög, nefndir og ráð	17
Menningarsjóður STEFs	18
Ráðstöfun menningarframlags STEFs af hálfu aðildarfélaganna:	
Greinargerðir FTT og TÍ	19-21
Tölfræði og nokkrar lykiltölur úr ársreikningi 2022	22-26



Ávarp framkvæmdastjóra

Út úr skugga heimsfaraldurs

Afkoma STEFs á árinu 2022 sýndi glögglega atvinnugrein sem er að komast út úr skugga heimsfaraldursins og má í því sambandi t.d. nefna að tekjur STEFs vegna tónleika þetta ár námu nánast sömu fjárhæð og tekjur af lifandi tónlistarflutningi á árinu 2019, sem var síðasta „eðlilega“ árið í rekstrinum fyrir heimsfaraldurinn. Reyndar var það metár hvað varðar tónleikatekjur, einkum vegna risatónleika Ed Sheeran á Íslandi það ár.

Aukin gagnrýni á viðskiptamódel streymisveitna

Við höldum áfram að sjá aukningu á tekjum fyrir streymi, sem er ánægjulegt, en þessi tekjupóstur verður æ mikilvægari fyrir höfunda. Nú loksins virðist einnig vera kominn einhver nýr samhljómur í rödd höfunda, sem krefjast þess að núverandi viðskiptamódel verði endurskoðað og að tekjuskipting af streymi verði sanngjarnari. Þrátt fyrir að streymismarkaðurinn hafi vaxið gríðarlega á undanförunum árum, þá hafa tekjur þeirra sem skapa tónlistina engan veginn vaxið á samsvarandi hátt. Niðurstaðan er sú að þóknun til höfunda er óviðunandi lág miðað við mikilvægi þeirra framlags.

> Tekjur vegna streymis síaukast, en tekjur þeirra sem skapa tónlistina ekki að sama skapi...

Gagnrýna má fleira varðandi þetta viðskiptamódel; sem dæmi hefur vöxtur í fríum áskriftum ekki skilað sér til höfunda og hafa streymisveiturnar ekki hvatt nægilega þá sem nýta sér slíka þjónustu til að skipta yfir í greiðsluáskrift. Áskriftargjaldið sjálft hefur einnig haldist nánast óbreytt frá upphafi, þrátt fyrir að verkum á veitunni fjölgi um 80 þúsund á hverjum degi og gæði þjónustunnar allrar aukist verulega. Meðaltekjur af hverjum notanda hafa því í raun lækkað stöðugt síðustu ár.

Þá er markaðurinn mjög „smelladrifinn“ og tiltölulega fá lög og listamenn njóta að heita má óeðlilega mikils streymis. Einungis 0,7% listamanna á Spotify (sem eru 8 milljónir alls) stóðu undir 90% af öllu streymi, en 93% listamanna höfðu færri en 1.000 mánaðarlega hlustendur, sem dugar engan veginn fyrir salti í grautinn.

Öflugt algrími og áhersla Spotify á að setja í forgang og forgrunn lagalista með vinsælustu lögnum ýtir undir misvægi milli þeirra tiltölulega fáu sem njóta mesta streymis og hinna sem vart ná upp á yfirborðið. Aukinheldur skekkja „gervi“-flytjendur og –höfundar myndina, en erfitt getur verið að henda reiður á því hvað er manngert og ekta á streymisveitunum, því gegnsæið er takmarkað.

Þessu til viðbótar virðist vera allt of auðvelt að svindla á veitunni með 31 sekúndna hljóðbútum, sem telst tæplega til tónlistar og sem tölvur eru láttnar spila í sífellu. Hefur heyrst að allt að 10% tekna á streymisveitum endi hjá slíkum svindlurum og skipulagðri glæpastarfsemi, sem keyrð er áfram af aðilum sem ekki virðast víla fyrir sér að beita dreifingaraðila morðhótunum.

Ljóst er að allt þetta kallar á endurskipulagningu á fyrirkomulagi greiðslna frá streymisveitum, en ekki síður að „tekjukakan“ verði stækkuð og að áhersla verði lögð á að stækka skerf höfunda. Þá gætu veiturnar einnig gert þjónustu sína höfundavænni s.s. með því að gera fólki kleift að leita að tónlist eftir tiltekna höfunda, en ekki bara eftir flytjendum, svo og að stuðla að fjölbreytni og meiri sýnileika „minni listamanna“ með hliðsjón t.d. af tungumálum og menningarsvæðum.

Tónlistarmiðstöð og endurskipulagning Tónlistarsjóðs

Á síðasta ári voru mikilvæg skref stigin til undirbúnings stofnunar *Tónlistarmiðstöðvar* og endurskipulagningar tónlistarsjóðs. Er nýrri *Tónlistarmiðstöð* m.a. ætlað að vera samstarfsvettvangur atvinnulífs, hagsmunasamtaka, menningarstofnana, menntastofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir í málefnum tónlistar, svo og að stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskri tónlist og starfrækja nótnaveitu fyrir íslensk tónverk. Þá mun miðstöðin veita tónlistarfólki og tengdum aðilum ráðgjöf og þjónustu og styðja við útflutning á tónlist.

> Bind ég miklar vonir við að Tónlistarmiðstöð muni hafa í för með sér ómælda innspýtingu inn í íslenskt tónlistarlíf...

Ný *Tónlistarmiðstöð* mun verða nýtt heimili *Tónlistarsjóðs*, sem ekki einungis mun fá mun meira fjármagn en hingað til, heldur eftirleiðis starfa í fjórum aðskildum deildum; *þróun og innviðir, frumsköpun og útgáfa, lifandi flutningur og útflutningur*. Þetta nýja fyrirkomulag mun þýða að hægt verður að veita t.d. styrki til innviða- og sprotaverkefna, tónleikastaða og tónlistarhátíða og gera samninga til lengri tíma.

Bind ég miklar vonir við að *Tónlistarmiðstöð* og um leið öflugri *Tónlistarsjóður* muni hafa í för með sér ómælda innspýtingu inn í íslenskt tónlistarlíf. Vert er að minna á að *Tónlistarmiðstöðin* og endurskipulagning *Tónlistarsjóðs* á rætur að rekja til skýrslu starfshóps, sem skipaður var hinum ýmsu hagaðilum tónlistargeirans og var Jakob Frímagn Magnússon formaður starfshópsins.

Reykjavík, 30. apríl 2023

Með vorkveðju,



Guðrún Björk Bjarnadóttir



Ávarp stjórnarformanns

Árið 2022 kvöddum við heimsfaraldurinn loksins. Tónistarlífið gengur nú aftur sinn vanagang, með allskyns viðburðum, útgáfum og nýsköpun — og tónlistarfólk getur aftur snúið sér að því að skapa og semja.

En það er aldrei lognmolla. Miklar áskoranir eru framundan með innreið gervigreindar, sem smýgur nú inn í alla geira, ekki síst lista og sköpunar. Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að fræða fólk um eðli og mikilvægi höfundarréttar og gæta að því að höfundarverk sogist ekki inn í óskilgreindar draumaverksmiðjur risafyrirtækja, endurgjaldslaust. En í þessu felast auðvitað líka tækifæri, nýjar leiðir til að skapa, þróa og koma tónlist á framfæri. Listgreinar renna sem aldrei fyrr saman og úr verður nýr og spennandi heimur — en þá er mikilvægt að vera á verði og gæta að því sem þegar hefur verið unnið.

> Við þurfum að halda áfram að berjast fyrir sanngjörnu endurgjaldi fyrir notkun höfundarverka, sérstaklega á streymisveitum og hverskyns nýmiðlum ...

Hér heima getum við fagnað nýrri tónlistarstefnu og tónlistarlögum, auk þess sem nýja *Tónlistarmiðstöðin* er rétt innan seilingar. Við þurfum að halda áfram að berjast fyrir sanngjörnu endurgjaldi fyrir notkun höfundarverka, sérstaklega á streymisveitum og hverskyns nýmiðlum, sem oft streyma áfram í krafti markaðsstöðu og útteila fáum og smáum brauðmolum til þeirra sem skapa efnið, gjarnan eftir eigin geðþótta.

Við búum svo vel að hafa skrifstofu STEFs skipaða góðu fólki, sem býr yfir þekkingu og reynslu til að takast á við fjölbreytt verkefni og áskoranir. Góður andi ríkir innan STEFs og hann eigum við að rækta áfram, öllum höfundum til góðs.

Reykjavík, 7. maí 2023

Bragi Valdimar Skúlason

STARF STJÓRNAR & SKRIFSTOFU STEFs MAÍ '22 TIL MAÍ '23

Í skýrslunni er að finna helstu verkefni og stefnumál STEFs á ofangreindu tímabili, lykiltölur úr rekstri og yfirlit yfir starfsemi og úthlutanir STEFs. Þá er hér einnig að finna lit yfir stjórnskipan STEFs og upplýsingar um þá sem STEF hefur tilnefnt í hinar ýmsu nefndir og ráð, svo og þá sem gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir samtökin.

Skipan stjórnar STEFs á liðnu starfsári:

Bragi Valdimar Skúlason, formaður
Þórunn Gréta Sigurðardóttir, varaformaður
Eyþór Gunnarsson
Hallur Ingólfsson
Sigríður Thorlacius
Sigurður Flosason
Þuríður Jónsdóttir

Varamenn í stjórn voru *Snorri Helgason, Hafdís Bjarnadóttir, Samúel J. Samúelsson, Pétur S. Jónsson, Óttarr Proppé, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Páll Ragnar Pálsson.*

Á aðalfundi Tónskáldafélagsins í apríl sl. afréð Þórunn Gréta að bjóða sig ekki fram til endurkjörs. Páll Ragnar var á fundinum kjörinn nýr formaður TÍ og tók þar með við sæti Þórunnar í stjórn STEFs, í ljósi þess að formenn aðildarfélaganna sitja sjálfkrafa í stjórn samtakanna.

Fulltrúaráð STEFs

Eftirfarandi skipa fulltrúaráð STEFs 2022-2024:

<i>Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (FTT)</i>	<i>Óttarr Proppé (utan féлага)</i>
<i>Arnór Dan Arnarson (FTT)</i>	<i>Páll Ragnar Pálsson (TÍ)</i>
<i>Áskell Másson (TÍ)</i>	<i>Pétur S. Jónsson (FTT)</i>
<i>Birgir Steinn Stefánsson (utan féлага)</i>	<i>Ragna Kjartansdóttir (utan féлага)</i>
<i>Bragi Valdimar Skúlason (FTT)</i>	<i>Samúel J. Samúelsson (FTT)</i>
<i>Eyþór Gunnarsson (FTT)</i>	<i>Sigríður Thorlacius (utan féлага)</i>
<i>Hafdís Bjarnadóttir (TÍ)</i>	<i>Sigurður Flosason (FTT)</i>
<i>Hallur Ingólfsson (FTT)</i>	<i>Snorri Helgason (FTT)</i>
<i>Hildigunnur Rúnarsdóttir (TÍ)</i>	<i>Þórunn Gréta Sigurðardóttir (TÍ)</i>
<i>Logi Pedro Stefánsson (FTT)</i>	<i>Þuríður Jónsdóttir (TÍ)</i>
<i>Magnús Jóhann Ragnarsson (utan féлага)</i>	

Á aðalfundi þann 25. maí 2022 var Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson kjörinn formaður ráðsins út kjörtímabilið.

Aflagning flokkunarkerfis og stofnun Stórverkasjóðs



Á aðalfundi fulltrúaráðs sl. vor var ákveðið að leggja af flokkunarkerfi STEFs frá og með næstu áramótum. Eftirleiðis hafa því öll tónverk sömu vigt og vægi, hvernig sem þau eru í laginu (lengd skiptir þó eðlilega áfram máli).

Lengi hafði staðið stýrr um þetta kerfi og það hefur verið baráttumál margra meðlima STEFs, að ekki verði gerður greinarmunur á tónverkum eftir eðli eða yfirbragði, heldur að „mínúta af einu verki sé jafngild mínútu af öðru“, svo vitnað sé í gamalt slagorð.

Auðvitað er mikilvægt að allar tónlistarstefnur eigi sinn stað innan STEFs og að fjölbreytni verði tryggð. Við aflagningu

flokkunarkerfisins var því ákveðið að setja á fót **Stórverkasjóð**, í þeim tilgangi „að styðja við stærri verkefni, en til stærri verkefna telst frumsköpun verka í stóru formi, heildstæð tónlistarverkefni eins og tónsmíðar og textagerð fyrir heila plötu, sem og að færa stærri verk eða heildstæða efnisskrá í stærri og viðameiri búning“, eins og segir í samþykktum sjóðsins, sem hægt er að kynna sér nánar á heimasíðu STEFs.


Gert er ráð fyrir að Stórverkasjóður muni úthluta styrkjum samkvæmt umsóknum tvisvar á ári, í fyrsta skipti nú í vor.

Samhliða þessu breytist starf matsnefndar STEFs, sem eftir beiðnum höfunda hafði það hlutverk að leggja mat á og flokka tónverk skv. gamla flokkunarkerfinu. Sú nefnd verður þó hér eftir sem áður til taks ef meðlimir þurfa faglegt álit ef uppi er grunur um stuld á lagi.

Ný og uppfærð heimasíða og „Mínar síður“

Þann 1. desember síðastliðinn, á *Degi íslenskrar tónlistar*, var ný og uppfærð vefsíða STEFs opinberuð. Hún er að öllu leyti einfaldari og þægilegri í notkun en sú eldri. Aðalbreytingin felst þó í því að vefsvæðið er nú mun farsímavænna en áður, það má í raun tala um byltingu hvað það varðar. Einnig er vert að geta þess að nú geta nýir höfundar skráð sig í samtökin með rafrænum hætti í gegnum heimasíðuna.

„Mínar síður“ eru einnig orðnar snjallsímavænni en áður og hér eftir ætti það að reynast höfundum hægara að skrá ný lög með símtækjum, sem og sækja sér hvers konar upplýsingar um verk, úthlutanir o.fl. Einnig er vert að geta þess að nú geta nýir höfundar skráð sig í samtökin með rafrænum hætti. Við óskum rétt höfum til lukku og bjóðum þeim að skoða sig um á svæðinu www.stef.is.




Hlutfall kvenna eykst – Úthlutunarhlutfall þó enn lágt

Nýleg greining á meðlimaskrá STEFs sýnir að hlutfall kvenna hefur mjakast upp á við á undanförunum árum. Árið 2012 voru um 17,6% höfundar konur, en tíu árum síðar var hlutfallið komið 20,1%. Hlutfall kvenna sem fær eitthvað úthlutað hefur einnig aukist nokkuð að undanförunu, árið 2019 voru 17,7% konur, en 19,09% árið 2022. Hins vegar stendur nánast í stað hlutfall kvenna af heildarúthlutun, en það var 10,88% á árinu 2022, en 10,47% á árinu 2021. Til viðmiðunar var það 10,65% árið 2012.

Á árinu 2022 voru nýskráðir meðlimir 281, af þeim voru 203 karlar, 77 konur og 1 kynsegin. Þannig að 28% nýrra meðlima voru konur (og kynsegin). Kynjahlutfallið meðal nýrra meðlima er því mun betra en þegar skoðaðir eru allir höfundar á skrá hjá STEFi allt frá stofnun samtakanna.

Geta má þess, að á árinu 2022 fengu 132 höfundar úthlutað meira en 1 milljón króna. Af þeim voru einungis 8 konur, og eru konur því 6% þeirra meðlima sem þéna mest.

STEF hefur með ýmsu móti unnið að því að jafna þetta hlutfall, s.s. með „mentor“-verkefni fyrir konur sem eru að stíga sín fyrstu skref, með þátttöku í hinu alþjóðlega „Keychange“-verkefni, einnig er á vegum STEFs starfandi jafnréttisnefnd, sem skoðar markvisst þessi mál. Allar hugmyndir um hvernig STEF getur beitt sér betur að þessu leyti eru vel þegnar.



Nýr samningur við Sinfó



Í Hörpu eftir undirritun samnings við Sinfó 7. nóv. 2022

Í nóvember sl. undirritaði STEF nýjan samning við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á meðfylgjandi mynd gefur að líta framkvæmdastjóra STEFs, Guðrínu Björk Bjarnadóttur, Þórunni Grétu Sigurðardóttur, varaformann stjórnar STEFs og Láru Sóleyju Jóhannsdóttur framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar. Nýi samningurinn er að flestu leyti í samræmi við eldri samning, en er færður til nútímans með því að veita t.d. hljómsveitinni leyfi til flutnings tónleika í streymi. Þá eru lágmarksgreiðslur til STEFs hækkaðar nokkuð.

Samningur við TikTok

Í október samdi STEF loksins við TikTok vegna notkunar íslenskrar tónlistar. Samningurinn er gerður af Polaris Hub f.h. STEFs og fleiri norræna höfundaréttarsamtaka. Með þessu fá meðlimir STEFs einn streymistekjustraum til viðbótar. Samningurinn er afturvirkur að því leyti að STEF fær greitt vegna tónlistarnotkunar TikTok frá og með þeim tíma sem streymisveitan hóf rekstur.

Samkvæmt rannsókn Polaris hefur TikTok vaxið hratt undanfarin tvö ár á Norðurlöndunum og í Noregi segjast 30% ungmenna á aldrinum 12-17 ára hafa síðast uppgötvað lög sem þeim líkaði við á TikTok.

TikTok notar fyrst og fremst ISRC-kóða til að þekkja lög sem streymt er á veitunni og er því mikilvægt að minna höfundar á að skrá ISRC-kóða á þeim hljóðritum sem til eru af verkum þeirra, þegar þau eru skráð hjá STEFi.

Þjónustukönnun STEFs 2022

Síðastliðið haust stóð STEF fyrir þjónustukönnun á meðal meðlima. Niðurstöður sýna að almennt virðast þeir mjög ánægðir með þjónustu STEFs, sem er auðvitað mjög ánægjulegt fyrir samtökin og starfsfólk. Þátttakendur telja að ímynd STEFs fari sífellt batnanadi og sé vænlegri nú en nokkurn tíma. „Mínar síður“ er það sem meðlimir nýta sér einna helst, en nokkuð bar á því að þátttakendur í könnuninni teldu að umhverfi „Minna síðna“ mætti bæta. Þess er hins vegar vert að geta, að stuttu eftir að könnunin fór fram var stigið framfararskref að þessu leyti, þegar „Mínar síður“ fengu notendavænna farsímaviðmót. Þannig að þar horfir til betri vegar.

Samhliða könnuninni fengum við ábendingar um eitt og annað, sem gagnast vafalaust við að bæta þjónustuna enn fremur. Einn heppinn þátttakandi hlaut 20.000 kr. inneign í Hörpu að launum fyrir þátttökuna. Við þökkum þeim sem gáfu sér tíma til að taka þátt, það er okkur mikilvægt.

Verkefnið „Vindur í seglum“ endurtekið



Árið 2020 stóð STEF fyrst fyrir verkefninu „Vindur í seglum“, n.k. „mentor-prógrammi“, sem ætlað er að styðja og aðstoða kvenhöfunda og kynsegin fólk við að fóta sig í bransanum og koma verkum á framfæri, í von um að vinna á kynjahalla innan tónlistargeirans. Markmiðið er að þátttakendur öðlist kunnáttu til að skila frá sér vel unnum verkum og koma þeim á framfæri.

Verkefnið þótti gefast vel og afráðið að endurtaka það sl. haust. Alls bárust 38 þátttökuumsóknir og var Jafnréttisnefnd STEFs eðlilega vandi á höndum við valið, því margar umsóknir þóttu áhugaverðar. Nefndin afréð að velja þær Guðrúnu Ólafsdóttur, Krístrúnu Steingrímsdóttur og Sögu Ózk til þátttöku að þessu sinni. Þær hófu í kjölfarið samtal og samstarf við leiðbeinendur og verður fróðlegt að sjá árangur þess á næstu mánuðum.

Starfsmannamál

Um áramótin tók til starfa hjá STEFi **Anja Ísabella Lövenholdt**. Hún heldur til á þjónustusviðinu og sér um skráningar og skýrslugerð. Nýlega bættist þjónustusviðinu enn frekari liðsauki, þegar **Arnar Freyr Frostason** bættist í skráningarhópinn. Saman stuðla þau nú ötulllega að því að höfundum berist réttmætar greiðslur fyrir opinberan flutning.

Á liðnu starfsári starfaði um stund á skrifstofu STEFs Oleksandra nokkur Bezhlova, eða **Sasha**, eins og hún er kölluð. Hún kom hingað til lands frá Úkraínu og lagði gjörva hönd á plóg við skráningar. Það var okkur einkar kært að hafa Söshu í hópnum og að geta veitt henni tækifæri til að starfa um stund við friðsamlegar aðstæður, á meðan stríð geisar í hennar heimahögum.



Sasha í skráningarstillingum.

Ný verðskrá fyrir dansskóla og líkamsrækt

Verðskrá STEFs er í stöðugri þróun og endurnýjun. Á árinu 2022 var unnið að því að kynna nýja verðskrá fyrir íþróttastarfsemi, sem tók gildi í janúar 2023. Í nýju verðskránni er sérstaklega horft til íþróttasambandanna, til þess að ná betur utan um notkun tónlistar á þeirra vegum, sem og íþróttafélaga, sem mörg hver hafa greitt til STEFs samkvæmt gömlu verðskránni.


Í viðræðum við samböndin komu fram ýmis sjónarmið sem mögulega kalla á vissa aðlögun verðskrár og verður þeirri vinnu væntanlega lokið fyrir lok árs 2023. Einnig hófst á árinu innheimta samkvæmt verðskrá fyrir dansskóla og líkamsrækt, en í ljósi heimsfaraldurs COVID-19 var ákveðið að bíða með innheimtu til ársins 2022. Í kjölfarið á þeirri innheimtu barst erindi frá FÍLD (Félagi íslenskra listdansara) með ósk um endurskoðun á verðskránni. Í kjölfarið hófst samtal þar að lútandi og í apríl 2023 var svo gefin út ný verðskrá fyrir dansskóla og líkamsræktarstarfsemi. Mun innheimta skv. henni hefjast í ár.

Niðurstaða gerðardóms v. IHM-úthlutunar

Skömmu eftir síðasta aðalfund STEFs var kveðinn upp gerðardómur í deilu aðildarfélaga IHM um skiptingu úthlutunar IHM fyrir eintakagerð til einkanota. Niðurstaðan varð sú, að STEF fær í sinn hlut 13% af þessari úthlutun, sem má teljast óásættanleg, miðað við það sem STEF hefur borið úr bítum undanfarin ár. Þetta er þó örlítið skárri en tillaga sáttamanns, sem fól í sér 12% hlutdeild.

Í framhaldi af gerðardóminum var framkvæmt uppgjör fyrir árin 2016-2021 og þurfti STEF að greiða til baka nokkra fjárhæð til IHM, þrátt fyrir að á þessum árum hafi tiltekin fjárhæð verið lögð til hliðar til að mæta uppgjörinu af hálfu IHM. Samkvæmt gerðarsamningi eru aðildarfélög IHM bundin af þessari niðurstöðu allt til ársins 2025, en að því liðnu geta aðildarfélög óskað eftir nýrri skiptingu.

Það voru sérstök vonbrigði að gerðardómur tók ekki tillit til þeirrar eintakagerðar sem á sér stað á streymisveitum eins og Spotify, þar sem áskrifendum er heimilt að gera eintök af þeim verkum sem þar finnast, með því að nýta sér „off-line“ möguleika veitunnar, en notendum er ekki gert að greiða sérstaklega fyrir þann möguleika og hljóta höfundar því enga aukalega umbun fyrir slíka eintakagerð.



YTRA UMHVERFI

Dökk skýrsla um streymismarkaðinn

GESAC, Evrópusamtök höfundaréttarféлага, sem STEF á aðild að, sendi í september sl. frá sér skýrslu um streymismarkaðinn, eftir umfangsmikla greiningarvinnu. Framkvæmdin kom í kjölfar stigvaxandi gagnrýni og krafna listamanna, ekki síst höfunda, um sanngjarnari tekjuskiptingu.

Streymismarkaðurinn hefur vaxið gríðarlega á undanförunum árum, en tekjur þeirra sem skapa tónlistina hafa þó engan veginn vaxið í samræmi. Áherslan innan geirans hefur einkum verið vægið milli útgefenda og flytjenda, á meðan höfundar og aðrir réttihafar virðast hálfgerð afgangsstærð.

Skýrslan sýnir að verðmæti tónlistarinnar hefur rýrnað og „tekjukakan“ minnkar sífellt, öfugt við væntingar og kröfur þeirra sem skapa tónlistina, þ.e. höfunda og réttihafa. Þessi þróun dregur eðlilega úr sjálfbærnimöguleikum hlutaðeigandi.

Skýrsluhöfundar hvetja til aukins gegnsæis og að streymisveitum verði gert að stuðla að fjölbreytni hvað varðar tónlistarstefnur, tungumál og uppruna flytjenda og þeirra sem skapa tónlistina. Að þessu leyti er hvatt til stefnumótunaraðgerða á vettvangi Evrópusambandsins.

Í sem stystu máli er meginniðurstaða skýrslunnar sú, að þóknun til höfunda sé óviðunandi lág miðað við mikilvægi þeirra framlags.

Helstu niðurstöður og úrbótatillögur sem GESAC leggur fram má sjá með því að [smella hér](#).

Sérstök tekjufallsúthlutun v. COVID-19

Í upphafi árs 2022 boðaði ríkisstjórnin sérstakar viðspyrnuaðgerðir til að efla tónlist og sviðslistir, eftir erfiðan tíma í kjölfar heimsfaraldursins COVID-19. Aðgerðirnar fólu samtals í sér 450 milljóna króna innspýtingu. Þar af voru 150 milljónir ætlaðar tónhöfundum, til að bæta að nokkru upp tekjufall vegna samkomutakmarkanna, sem gerðu tónlistarfólki meira eða minna ómögulegt að standa fyrir tónleikum um tveggja ára skeið (2020-2021).

STEFi var af ríkisstjórninni falið að úthluta þessu fé og setja viðmið um úthlutunina. Eftir samráð við menningar- og viðskiptaráðuneytið samþykkti stjórn STEFs [sérstakar úthlutunarreglur](#).

Úthlutunin fór fram 18. maí sl. Alls var úthlutað til 504 réttihafa. Meðaltal úthlutunar var um 280.000 krónur. 33 einstaklingar fengu úthlutað meira en einni milljón og fimm voru yfir hámarksúthlutuninni (2 milljónum). Nýir meðlimir, sem fengu úthlutað skv. sérreglu, voru 38 talsins.

Breyting á lögum um endurgreiðslu v. hljóðritunar

Með breytingarlögum sem tóku gildi í lok árs 2022 var úrræðið fyrir endurgreiðslur vegna hljóðritunar tónlistar framlengt til ársins 2027. Var það gert í ljósi þess að úrræðið er talið hafa sannað sig og haft jákvæð áhrif á tónlistarútgáfu hérlendis, en í aðdraganda laganna fór fram mat á árangri endurgreiðslukerfisins.

Um leið voru gerðar smávægilegar breytingar á úrræðinu, sem lúta að því að þjónustuaðilum erlendra útgefenda er gert kleift að sækja um endurgreiðslur fyrir hönd sinna skjólstæðinga. Vert er að geta þess að á árinu 2020 voru einnig gerðar smávægilegar breytingar á kerfinu, sem útvíkkaði möguleika á að sækja um endurgreiðslu með því að stytta sameiginlegan spilunartíma hljóðrita úr 30 mínútum niður í 14 mínútur.

Lagasetning um Tónlistarmiðstöð og tónlistarstefnu

Þann 8. maí sl. var á Alþingi samþykkt frumvarp *Lilju Daggar Alfreðsdóttur*, menningar-, viðskipta- og ferðamálaráðgjafar, um fyrstu heildarlöggjöf um tónlist, sem byggir á formlegri tónlistarstefnu, sem gildir til ársins 2030 og gengur út á að efla umgjörð fyrir sköpun og flutning tónlistar á Íslandi, marka heildarramma fyrir málefni tónlistar og búa henni hagstæð skilyrði.

STEF skilaði umsögn til þingsins um þessi mál (einnig í samráðsgátt stjórnarráðsins, þegar málið var enn á stjórnáslustigi). Þessi lög leggja grunn að stofnun sérstakrar „Tónlistarmiðstöðvar“ og fela í sér endurskipulag sjóðakerfis hins opinbera á sviði tónlistar. Í lögum er sömuleiðis að finna ákvæði um sérstakt *Tónlistarráð*, sem verður stjórnvöldum og *Tónlistarmiðstöð* til ráðgjafar um málefni tónlistar af öllum toga.

Í umsögn STEFs var að finna smávægilegar athugasemdir við nokkur atriði í þessum tillögum, en fyrst og fremst lýsti STEF ánægju með það skref að stofnuð verði *Tónlistarmiðstöð*, svo og að sett verði fyrsta formlega tónlistarstefna landsins.



Lilja Dögg hampar nýsamþykktu frumvarpinu á Alþingi þann 8. maí sl.

ÝMISLEGT ÚR STARFINU

Dagur íslenskrar tónlistar 2022

Dagur íslenskrar tónlistar var að vanda haldinn hátíðlegur í Hörpu 1. desember. Venju samkvæmt voru við tilefnið veittar viðurkenningar. Nýsköpunarverðlaun hlaut viðburða-appið **Gjugg**. Hvatningarverðlaunin hlaut **KÍTÓN**, félag kvenna í tónlist. „Gluggann“ hlaut **Meningarmiðstöðin Hljómahöllin** í Reykjanesbæ og Útflutningsaverðlaunin féllu í skaut **Laufeyjar Lín**. Heiðursverðlaunin, „Litli fuglinn“, voru veitt blaðinu **Reykjavík Grapevine**. Meðfylgjandi mynd er af fulltrúum verðlaunahafa.



ÍTV 2023



Nokkrir verðlaunahafar hampa gripum í Hörpu.

Íslensku tónlistarverðlaunin (ÍTV) fóru fram í Silfurbergi Hörpu þann 22. mars sl. Venju samkvæmt var boðið upp á nokkur tónlistaratriði, en meðal þeirra sem fram komu voru Friðrik Dór, Una Torfadóttir, Hildigunnur Einarsdóttir og Stórsveit Reykjavíkur. Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir var valin „bjartasta vonin“, en hún vakti mikla athygli á Óperudögum í febrúar, hvar hún stjórnaði eigin Hljómsveit og var jafnframt í einsöngshlutverkinu.

Breyting var gerð á verlaunaflokkum í ár og umfang verðlaunanna þar með einfaldað. Ekki er um niðurskurð að ræða, heldur hagræðingu innan flokka og sum verðlaun eru sameinuð. Flokkarnir voru samtals 37 síðast, en þeim fækkar niður í 22.

Nú er verðlaunað í hverjum tónlistarflokki fyrir plötur, söng, hljóðfæraleik eða flutning, einstök lög eða tónverk þar sem kastljósinu er beint að aðstandendum (laga- og textahöfundum) helstu lagasmíða ársins. Þá er verðlaunað þvert á flokka fyrir myndbönd, tónleika og hátíðir og upptökustjórn. Einnig er vert að geta þess að í ár var í fyrsta skipti birtur s.k. „langlisti“ þeirra platna og laga/tónverka sem koma til greina í tilnefningum ársins, nokkru áður en hinn endanlegi „stuttlisti“ var opinberaður.

Magnús Jón Kjartansson hlaut heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna í ár. Magnús hefur komið víða við í hinum íslenska tónlistarheimi frá því að hann stofnaði unglíngahljómsveit í Keflavík á sjöunda áratugnum. Hann hefur verið lykilmaður í ýmsum af þekktustu hljómsveitum landsins, t.a.m. Trúbrot, Brunaliðinu og Sléttuúlfunum, svo eitthvað sé nefnt.

Magnús er einn af öndvegishöfundum í poppi og rokki á umliðnum áratugum og eftir hann liggja margar söngperlur sem lifa munu lengi á vörum fólks. Í gegnum árin hefur Magnús einnig látið mjög til sín taka í réttindabaráttu tónlistarfólks, sér í lagi höfunda. Hann var um tíma leiðtogi *Félags tónskálda og textahöfunda*, stjórnarformaður STEFs og fleiri tengdra hagsmunasamtaka. Það er höfundum mikið ánægjuefni að Magnús skuli hafa hlotið þessa verðskulduðu viðurkenningu fyrir margvíslegu störf sín í þágu þeirra í gegnum árin.

Á vefsíðu ÍSTÓN er að finna [lista yfir verðlaunahafa ársins](#).





Pórunn Gréta, varaformaður STEFs, ávarpar Bjartmar og afhendir heiðursmerkið.

Bjartmar heiðraður á tímamótum

Bjartmar Guðlaugsson varð sjötugur sl. sumar og var á afmælistónleikum í Háskólabíói þann 18. júní sæmdur heiðursmerki STEFs fyrir drjúgt lagaframlag sitt í gagnum tíðina. Aukinheldur veitti FTT honum við sama tækifæri heiðursmerki félagsins. Bjartmar fyllir flokk helstu alþýðutónskálda sinnar kynslóðar og raunar allra ættliða, því söngvar hans höfða sífellt til nýrra kynslóða, ekki aðeins þeirra „týndu“. Tíminn kann að tynast, eins og Bjartmar útskýrði í ódauðlegum óði, en sígrænir söngvar um afdrif og atferli manna, sem afmælisbarnið hefur svo gott lag á að forma og túlka, tynast engum né gleymast á næstunni.

Jón Ásgeirsson sæmdur heiðursmerki

Þann 2. júlí sl. var tónskáldið **Jón Ásgeirsson** sæmdur heiðursmerki STEFs. Formaður og varaformaður veittu honum viðurkenninguna og þökkudu Jóni ævistarfið, sem er ærið og felur í sér óperur, balletta, konserta, kórverk og fjölmörg sönglög, m.a. lagið ódauðlega við Maístjörnu Halldórs Laxness. Jón hefur einnig gefið sig töluvert að útsetningum þjóðlaga og er vert að nefna Vísur Vatnsenda-Rósu, sem Jón setti eftirminnilega út og þrjónaði við. Jón lét einnig til sín taka við tónlistarmenntun og var fyrstur manna skipaður prófessor í tónlist við Kennaraháskóla Íslands. Við þökkum Jóni fyrir hans góða framlag og söngvana alla.



Stjórn STEFs stendur þétt að baki Jóni þann 2. júní 2022.



Egill móttækur heiðursmerkið úr höndum Braga formanns þann 18. febrúar. Stjórnarliðar samgleðjast.

Egill heiðursmaður Ólafsson

Í febrúar fagnaði **Egill Ólafsson** sjötugsafmæli og útgáfu nýrar plötu með tónleikum. Þar voru stjórnarmenn STEFs viðstaddir og nýttu tækifærið til að sæma Egil heiðursmerki samtakanna. Egill er sannarlega „einn af þessum stóru“, eins og segir í kunnuglegum ópus. Fáir hafa sett mark sitt jafn rækilega listalífið og Egill gerði um skeið, þegar hann var prímus mótor í þremur ódauðlegum burðar- og öndvegissveitum íslenskrar tónlistarsögu; Spilverkinu, Stuðmönnum og Þursaflokknum. Allar götur síðan hefur Egill 'performerað' á ýmsum sviðum og stigum, hvort sem er á tónleikum, leikhúsfjöllum eða hvíta örlagaský, eins og hann orti í lagi sínu „Sigling“. Megi Egill sigla lengi enn.

VIÐBURÐIR, VINNUSTOFUR & FLEIRA

„Allt í lagi“ – Hvernig komast lög í útvarp?

Í janúar stóðu STEF og ÚTÓN fyrir fræðslufundi um það, hverju huga ber að þegar lögum er komið á framfæri við útvarp. Forráðamenn frá RÚV og Sýn héldu greinargóð og gagnleg erindi, kynntu verkferla, skýrðu frá því hvernig lög eru tekin til spilunar, til hvaða eiginleika er horft, hversu oft eru lög spiluð, o.s.frv. Svöruðu þau að lokum fjölmörgum fyrirspurnum viðstaddra.

Fundurinn þótti lukkast vel og kunnum við þátttakendum bestu þakkir fyrir. Meðfylgjandi mynd sýnir fulltrúa Sýnar og RÚV, ásamt fundarstjóranum, Sölkú Sól.

Viðburðinum var streymt beint á Facebook og er hægt að njóta hans þar enn um sinn með því að [smella hér](#).



„Ég lifi í straumi“ – Fræðslufundur um streymisheima



STEF og ÚTÓN stóðu fyrir fræðslufundi þann 23. mars síðastliðinn, hvar farið var yfir það hvernig best er að bera sig við að koma tónlist á framfæri á tónlistarveitum á borð við Spotify og hvaða leiða er hægt að leita til að hljóta aukna spilun og útbreiðslu. Fundurinn var einkum ætlaður þeim sem gefa út eigin músík og eru e.t.v. lítt kunnugir streymisbransanum og því hvernig hlutir ganga fyrir sig á því stóra sviði.

Á pallborði var fólk sem hefur reynslu og þekkingu á gangverki streymisveitna. **Eiður Arnarsson**, sem lengi hefur starfað fyrir FHF (Félag hljómplötuframleiðenda) flutti opunarerindi, en hann er einna fróðastur hérlendis um eðli og

virgni streymisveitna. **Álfrún Kolbrúnardóttir** hjá Flame Productions, flutti því næst kynningu, en hún býr að töluverðri reynslu af því að koma tónlist á spilunarlista. Þar á eftir greindi **Tómas Welding** frá sinni streymisvegferð, en hann hefur náð miklum árangri á Spotify.

Viðburðinum var streymt beint á Facebook og er hægt að njóta hans enn um sinn með því að [smella hér](#).

„Straumbreytir“ – Um útgáfumál nú á tímum

Síðastliðið haust buðu ÚTÓN og STEF upp á fræðslukvöld um útgáfu á tónlist, hvernig henni er dreift og hún kynnt á dögum streymisveitna. Sérfróðir aðilar tengdir útgáfu og umboðsmennsku sátu á pallborði; þau **Andri Þór Jónsson** frá Öldu Music, **Anna Jóna Dungal** frá Sony Music, **Geoffrey P. Huntington** frá Sticky Records og **Steinunn Sigprúðardóttir** frá Póst Dreifingu.

Töluvert var um það rætt hvert hlutverk útgefenda væri, nú þegar hægt er orðið að dreifa tónlist á streymisveitur milliliðalaust. Miðlæg í umræðunni var einnig spurningin hvort streymistekjur dugi til að fjármagna upptökur (og eftir atvikum framleiðslu og dreifingu á föstu formi) og standa straum af kostnaði við kynningar- og markaðsstarf.

„Hvernig virkar þetta?“

– Fræðslukvöld fyrir félagskonur KÍTÓN

Boðið var upp á fræðslukvöld fyrir félagskonur KÍTÓN (Konur í tónlist) þann 2. febrúar sl. Þar fór **Guðrún Björk**, framkvæmdastjóri STEFs, yfir það hvernig best væri fyrir tónhöfunda að vinna með STEFi til að hámarka höfundaréttartekjurnar. Einnig var farið yfir greiðsluflæði tónlistarveitna og muninn á því að fá greitt fyrir streymi sem höfundur eða sem útgefandi og flytjandi.

Lagasmíðabúðir Mantik Music

Iceland Sync Management og **Mantik Music Group** tóku höndum saman og efndu til lagasmíðabúða í Gróðurhúsinu (Greenhouse Studios) dagana 5.-7. október sl. Þar mættust lagahöfundar og upptökustjórar á vegum fyrirtækjanna og sömdu saman tónlist. STEF átti þar einn fulltrúa, **Hákon Guðna Hjartarson**. Samhliða þessu framtaki bauð STEF meðlimum upp á opinn fyrirlestur, þar sem forsprakki Mantik Music, **Nicolas Blix**, fjallaði um starfsemi tónlistarforleggjara (e. music publishing), greindi frá hlutverki þeirra og veitti sýn inn í það hvernig leitað er að höfundum og hvernig lögum er komið á framfæri.

Lagasmíðabúðir í Póllandi

STEF styrkti einn höfund til þátttöku í tónsmíðabúðunum SyncCamp, sem fram fóru í bænum Sopot í Póllandi dagana 22.-27. nóvember 2022. Um var að ræða tónlist fyrir kvikmyndir og auglýsingar. Tónlistarstjórar (e. music supervisors) voru þátttakendum til ráðgjafar og tengdu tónlistina við hin ýmsu verkefni. Lögð var áhersla á hópavinnu og tengslamyndun.

Það eru ZAIKS, systursamtök STEFs í Póllandi og Music Export Poland, útflutningsskrifstofa pólskrar tónlistar, sem standa fyrir búðunum, sem hafa verið árlegur viðburður. Þátttakendur voru alls 15 að þessu sinni og komu úr ýmsum áttum. Það var **Hallur Ingólfsson** sem var fulltrúi STEFs að þessu sinni.

STEFnumót á Menningarnótt

Um nokkurra ára skeið hefur STEF staðið fyrir tónleikum í bakgarðinum við Laufásveg 40 að degi Menningarnætur. Eðli málsins skv. féllu þessir tónleikar þó niður árin 2020 og 2021. En í fyrrasumar var þráðurinn tekinn upp að nýju. Að þessu sinni tróðu upp þau **Cell7**, **Sigurður Guðmundsson**, **Jónína Aradóttir** og **Þorsteinn Einarsson**.

Rétt er að minna á næsta „STEFnumót“ STEFs á Menningarnótt, sem í ár ber upp á 19. ágúst.



TENGD FÉLÖG – NEFNDIR & RÁÐ

- STEF er aðili að IHM (Innheimtumiðstöð rétthafa), hagsmunasamtökum 11 höfundaréttarsamtaka, sem annast innheimtu og úthlutun á gjaldi vegna eintakagerðar til einkanota, sem og gjaldi fyrir endurvarp sjónvarps. Í stjórn IHM sitja fyrir hönd STEFs, *Guðrún Björk Bjarnadóttir* og *Hjörtur Ingui Jóhannsson*. Ásamt þeim situr svo *Bragi Valdimar Skúlason* í fulltrúaráði IHM.
- STEF á aðild að *Fjölís*, hagsmunafélagi sjö höfundaréttarsamtaka, sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum er njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Í stjórn *Fjölís* fyrir hönd STEFs situr *Páll Ragnar Pálsson*. Í fulltrúaráði *Fjölís* situr *Guðrún Björk Bjarnadóttir*, auk tilnefnds stjórnarmanns.
- STEF á aðild að ÚTÓN (Útflutningsmiðstöð íslenskrar tónlistar). *Páll Ragnar Pálsson* situr í stjórn ÚTÓN fyrir hönd STEFs.
- STEF á aðild að *Samtóni*, sem er samstarfsvettvangur STEFs og SFH (Samtaka flytjenda og hljómplötuframléiðenda). Stærstu verkefni *Samtóns* eru að halda *Íslensku tónlistarverðlaunin (ÍTV)* og *Dag íslenskrar tónlistar (DÍT)*. Fulltrúar STEFs í stjórn *Samtóns* eru *Guðrún Björk Bjarnadóttir* og *Páll Ragnar Pálsson* auk *Braga Valdimars Skúlasonar*. Framkvæmdastjóri ÍTV og DÍT er *Kristján Freyr Halldórsson*.
- Í stjórn *Upptökusjóðs* STEFs sitja *Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson*, *Oliver Kentish*, *Ragnheiður Gröndal* og *Ragna Kjartansdóttir*.
- Í stjórn *Nótnasjóðs* STEFs sitja *Tryggvi M. Baldvinsson*, *Hildur Kristín Stefánsdóttir*, *Hafðís Bjarnadóttir* og *Úlfar Ingi Haraldsson*.
- Í stjórn *Stórverkasjóðs* STEFs sitja *Elísabet Indra Ragnarsdóttir*, *Gunnhildur Einarsdóttir*, *Óttarr Proppé* og *Hallur Ingólfsson* auk *Guðrúnar Bjarkar Bjarnadóttur*.
- Í stjórn *Ferðasjóðs* STEFs sitja *Lárus Grímsson* og *Rósa Birgitta Ísfeld*.
- Í stjórn *Tónskáldasjóðs RÚV* og *STEFs* sitja fyrir hönd STEFs þau *Védís Hervör Árnadóttir* og *Tryggvi M. Baldvinsson*, en auk þeirra situr útvarpsstjóri í stjórninni. Varamenn eru *Hallur Ingólfsson* og *Þórunn Ósk Marinósdóttir*.
- Í stjórn *Tónskáldasjóðs Bylgjunnar* og *Stöðvar 2* sitja fyrir hönd STEFs þau *Bragi Valdimar Skúlason* og *Páll Ragnar Pálsson* og auk þeirra forstjóri Sýnar.
- Í stjórn *Tónlistarsjóðs kirkjunnar* og *STEFs* situr fyrir hönd STEFs *Hilmar Örn Agnarsson* og er *Hildigunnur Rúnarsdóttir* varamaður hans.
- Fyrir hönd STEFs situr í *Höfundaréttarráði* *Karólína Eiríksdóttir* og til vara *Óttarr Proppé*.
- Í hinni íslensku dómnefnd *Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna* sitja þau *Pétur S. Jónsson*, *Hilmar Oddsson*, *Margrét Örnólfsdóttir*, *Hilmar Örn Hilmarsson* og *Guðrún Björk Bjarnadóttir*. STEF annast umsýslu þessara verðlauna fyrir hönd Íslands.
- Matsmenn STEFs eru þeir *Hallur Ingólfsson*, *Ingi Garðar Erlendsson* og *Eypór Gunnarsson*.
- Nefnd um kirkjulegar athafnir vegna úthlutunar: *Óskar Einarsson*, *Regína Ósk Óskarsdóttir* og *Þórir Úlfarsson*.
- Í *Jafnréttisnefnd STEFs* sitja *Sóley Stefánsdóttir*, *Snorri Helgason*, *Páll Ragnar Pálsson* og *Eliza Newman*.

MENNINGARSJÓÐUR STEFS

STEF styrkir innlenda menningarstarfsemi á ýmsan hátt í gegnum Menningarsjóð STEFs. Ekki er þó hægt að sækja um styrki í þennan sjóð, heldur styrkir hann föst verkefni samkvæmt ákvörðun stjórnar STEFs hverju sinni. Í samræmi við samþykktir STEFs skal af því fé sem samtökin innheimta greiða fyrst opinber gjöld og síðan allan rekstrarkostnað, en af því sem þá verður eftir skal af innlendum tekjum greiða allt að 10% til Menningarsjóðs STEFs, eftir nánari ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs samtakanna. Úr þeim sjóði er heimilt samkvæmt ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs á ári hverju að úthluta fé til starfsemi aðildarfélaga STEFs. Skulu félögin eiga jafnan rétt til úthlutunar, enda sé fjármununum varið til sambærilegrar starfsemi. Öll ráðstöfun fjár úr Menningarsjóði skal vera gegnsæ og tilgreind í ársreikningi samtakanna og skulu aðildarfélögin gera sérstalega grein fyrir ráðstöfun úthlutaðs fjár.

Tillag í Menningarsjóð nam 35 milljónum króna árið 2022 og var fjárhæðin óbreytt milli ára. Af menningarframlaginu var úthlutað kr. 7.058.004 til hvors aðildarfélags, *Félags tónskálda og textahöfunda (FTT)* og *Tónskáldafélags Íslands (TÍ)*. Greinargerðir þeirra um ráðstöfun á framlaginu er að finna hér í skýrslunni.

Sundurgreining á notkun fjár úr Menningarsjóði kemur fram í ársreikningi og er sem hér segir:

Menningarsjóður:	2022	2021
Staða í ársbyrjun	7.090.028	2.443.254
Framlag STEFs	35.000.000	35.000.000
Til úthlutunar	42.090.028	37.443.254
Tillag til TÍ	7.058.004	7.058.004
Tillag til FTT	7.058.004	7.058.004
Framlag v. Samtóns	649.557	957.033
Framlag v. Dags ísl. tónlistar	1.698.092	842.063
Framlög v. Ísl. tónlistarverðlaunanna	4.409.063	5.172.990
Framlag v. Útflutningssjóðs Ísl. tónlistar	1.500.000	0
Framlag v. ÚTÓN	2.000.000	1.580.000
Framlag í Upptökusjóð	6.000.000	6.000.000
Styrkir stjórnar	3.000.000	1.200.000
Önnur framlög og kostnaðarpáttaka	4.189.027	485.132
Úthlutað á árinu:	37.561.747	30.353.226
Staða í árslok:	4.528.281	7.090.028

RÁÐSTÖFUN MENNINGARFRAMLAGS STEFS AF HÁLFU AÐILDARFÉLAGA 2022

Greinargerð frá Félagi tónskálda & textahöfunda (FTT)

Stjórn FTT skipuðu á árinu 2022 *Bragi Valdimar Skúlason*, formaður, *Védís Hervör Árnadóttir*, varaformaður, *Andri Ólafsson*, *Sóley Stefánsdóttir* og *Samúel Jón Samúelsson*. Varamenn voru *Ragnheiður Gröndal* og *Hallur Ingólfsson*. Félagið berst fyrir hagsmunum félagsmanna sinna á ýmsum vígstöðvum; innan stjórnarsýslunnar, hjá fjölmiðlum og ljósvakamiðlum, auk þess að taka þátt í norrænu og evrópsku samstarfi systurfélaga, NPU og evrópusamtaka tónhöfunda, ECSA.

Hin árlega Garðveisla FTT var haldin að nýju, auk þess sem farið var í menningarferð í Reykjanesbæ. FTT tók virkan þátt í mótun nýrrar *Tónlistarmiðstöðvar*, sem vonandi raungerist á þessu ári, auk þess að koma að gerð nýrrar tónlistarstefnu stjórnvalda og nýrra laga um tónlist. Samnorrænn fundur systurfélaga í Helsinki var sóttur, sem og fundur ECSA í Króatíu. FTT er auk þess aðili að BÍL og á sæti í ýmsum nefndum og ráðum sem tengjast tónlist og menningu.

Sundurliðun rekstrarkostnaðar má sjá hér að neðan, sbr. ársreikning FTT.

Menningarframlag STEFs 2022:	7.058.004	Útgöld 2022:	
		Laun og launatengd gjöld	5.728.731
		Funda- og viðskiptakostnaður	466.007
		Risna og gjafir	126.167
		Félags- og aðildargjöld	302.628
		Gjaldfærð áhöld og tæki	80.010
		Sími og skrifstofukostnaður	188.612
		Rekstur og tölvubúnaður heimasíðu	301.222
		Reikningsleg aðstoð	310.000
		Annar kostnaður	24.262
		Samtals:	7.527.639

Greinargerð frá Tónskáldafélagi Íslands (TÍ)

Menningarframlagi STEFs til *Tónskáldafélags Íslands* er ráðstafað til daglegs reksturs félagsins, t.d. kostnað við hýsingu vefsíðu, frágang bókhalds og gerð ársreikninga, þátttöku í alþjóðasamstarfi og kostnað við að halda úti stjórn og framkvæmdastjórn. Tónskáldafélagið kemur að ýmsum nefndarstörfum innan menningarlífsins, bæði á eigin vegum og gegnum aðild sína að samtökum með víðari skýrskotun og má þar til dæmis nefna *Bandalag íslenskra listamanna*, auk STEFs.

Myrkir músíkdagar 2022

Fyrir lá að stór hluti þeirrar dagskrár sem vera átti á *Myrkum músíkdögum* 2021 yrði fluttur yfir á árið 2022 og ráðgert var að halda hátíðina í janúar eins og hefð er fyrir. Í sömu viku og opnunin átti að fara fram voru sóttvarnareglur skyndilega hertar, svo enn neyddumst við til að fresta. Það reyndist í þetta skipti sérstaklega erfitt, þar sem undirbúningi var nánast lokið og t.a.m. búið að prenta efnisskrár og annað kynningarefni, sem svo þurfti að farga. Það myndaðist því töluverður „sokkinn kostnaður“ vegna endurskipulagningarinnar. En í mars var að lokum haldin hin myndarlegasta hátíð og fór t.d. miðasala langt fram úr björtustu vonum, en það var 20% aukning í miðasölu frá síðustu hátíð fyrir heimsfaraldur.

Norrænir músíkdagar 2022

Norrænir músíkdagar fóru fram 11.-15. október í Reykjavík og Kópavogi. Listrænn stjórnandi var *Tinna Þorsteinsdóttir*. *Skúli Helgason*, formaður *Menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar*, sem setti hátíðina formlega í Ráðhúsi Reykjavíkur. Heiðursverðlaun *Norræna tónskáldaráðsins* voru veitt á opnunarhátíðinni, en þau komu í hlut tónleikastaðarins *Mengi*.

Alls voru 14 tónleikar á hátíðinni og samtals flutt u.þ.b. 65 tónverk með fjölbreyttu sniði. Þá voru haldnir skólatónleikar, ráðstefna fyrir tónskáld um útflutning og kynningu tónverka og þrjár vinnustofur fyrir tónlistarnemendur. Þar bar hæst vinnustofan *Ungt fjölmiðlafólk* sem fólst í leiðsögn í að skrifa greinar og umsagnir um viðburði og tónleika hátíðarinnar.

Tónlistarmiðstöð

Starfsemi félagsins, bæði inn á við og út á við, snerist að verulegu leyti um undirbúning fyrir stofnun nýrrar *Tónlistarmiðstöðvar*. Haldnir hafa verið sérstakir kynningar- og upplýsingafundir fyrir meðlimi félagsins, enda mun samruni *Tónverkamiðstöðvar* og nýrrar *Tónlistarmiðstöðvar* hafa áhrif á flest tónskáld sem notast við nótnaskrift í einhverri mynd.

Þann 31. maí 2022 var haldinn kynningarfundur á vegum *Tónverkamiðstöðvar* í hátíðarsal FÍH, þar sem menningarmálaráðherra mætti sjálf, hélt framsögu og sat fyrir svörum, en formaður TÍ hélt lokaávarp. Aðsókn og almenn þátttaka fundargesta var mjög góð.

Tónskáldafélagið mun að öllu óbreyttu hafa tilnefningarrétt í stjórn hinnar nýju miðstöðvar, auk FÍH, STEF, FHF, FT og ráðherra menningarmála á hverjum tíma. Hver tilnefningaraðili þarf að leggja fram rekstrarfé til miðstöðvarinnar á hverju ári og verður framlag TÍ hundrað þúsund krónur á ári.

Norræna tónskáldaráðið - NRK

NKR nýtti heimsfaraldurinn til að undirbúa viðamiklar skipulagsbreytingar á rekstrarmódeli *Norrænna músíkdaga*. Helstu breytingar eru þær að ráða einn verkefnastjóra til lengri tíma, í stað þess að ráða nýjan verkefnastjóra fyrir hverja hátíð. Mun hann bera ábyrgð á fjármögnun og rekstri ár hvert. NKR fjármagnar þessa stöðu skv. almennri kostnaðarskiptingu, sem er Svíþjóð 24%, Noregur 24%, Danmörk 24%, Finnland 14%, Ísland 9% og Færeyjar 5%.

Heildarkostnaður við að halda stöðunni úti er um 500.000 danskar krónur á ári og hlutur Íslands í þessum kostnaði er 45.000 danskar krónur á ári, eða rúmlega 900.000 íslenskar krónur miðað við gengi dagsins í dag.

Staða verkefnastjóra *Norrænna músíkdaga* var auglýst skömmu fyrir áramót. Gengið var frá ráðningu *Rachel Gardiner Faulkner* í febrúar sl. og tók hún til starfa 1. mars. Alls bárust 71 umsókn og voru átta umsækjendur boðaðir í viðtal.

ISCM

Tí er aðili að ISCM - *International Society for Contemporary Music*. Þessi samtök halda úti tónlistarhátíðinni *World New Music Days*, sem var haldin 23.-31. ágúst 2022 í Nýja Sjálandi, í fyrsta sinn frá því fyrir heimsfaraldur. Fulltrúi Íslands var *Haukur Tómasson* með verkið *Serimonia* fyrir uppmagnaðan strengjakvartett.


F.h. Tónskáldafélags Íslands




Páll Ragnar Pálsson, formaður

NOKKRAR LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI STEFS 2022


REKSTRARTEKJUR 2022




REKSTRARGJÖLD 2022




HREINAR TEKJUR ÁRSINS 2022




TEKJUR AÐ FRÁDR. REKSTARGJÖLDUM 2022




TEKJUR AF TÓNLEIKUM OG VEITINGAHÚSUM




HEILDARÚTHLUTUN 2022



SKIPTING REKSTRARTEKNA 2022 SAMTALS 1.076.623.908



SKIPTING INNLENDRA FLUTNINGSTEKNA 2022 SAMTALS 628.394.475



UPPLÝSINGAR UM ÚTHLUTANIR OG FRÁDRÁTTARLIÐI

Hér er getið sérstaklega nokkurra úthlutunar- og frádráttarliða í samræmi við tilskipun ESB um sameiginlega umsýslu höfundaréttargreiðslna. Að öðru leyti skal vísað í ársreikning STEFs, sem fyrir liggur á vefsíðu samtakanna (www.stef.is > Um STEF).

Úthlutanir innanlands 2022:		Frádráttarliðir:
99.194.536	Úthl. v. útv. og sjónv. (þ.m.t. VOD)	21,09% kostn.hlutfall & 10% menningarframl
	Þar af eru 22.063.362 skilgr. sem "bakgr.tekjur"	
110.819.998	Aðrar "bakgrunnstekjur"	21,09% kostn.hlf. & 10% menningarframl.
29.721.000	Frumflutningur	0
76.648.636	Sala á hljóðritum og streymi (NCB og NMP)	Af NCB: 0% / Af NMP: 10% menn.framl. og 3% umsýsl.gj.
22.154.343	Lifandi flutningur (tólnl. & aðrar samkomur)	10% umsýslugjald
89.925.774	Flutningur erlendis	3% umsýslugjald
428.464.287	Samtals	

Erlend systursamtök innheimta höfundaréttindatekjur fyrir STEF, sem úthlutar þeim áfram til rétthafa STEFs. Erlendar flutningsréttartekjur 2022 skiptust svo á milli landa:

Erlendar tekjur e. löndum 2022:			
Argentína	90.945	Króatía	129.434
Austurríki	1.172.907	Lettland	207.654
Ástralía	1.808.995	Litháen	131.260
Bandaríkin	21.967.824	Malasía	35.534
Belgía	459.541	Noregur	1.831.294
Brasilía	1.824.026	Nýja Sjáland	362.514
Bretland	11.977.543	Portúgal	267.349
Chile	275.071	Pólland	1.211.282
Danmörk	14.345.610	Rúmenía	384.230
Eistland	214.805	Slóvakía	135.885
Finnland	1.835.327	Slóvenía	81.501
Grikkland	291.881	Spánn	12.174.923
Holland	4.971.634	Svartfjallaland	10.912
Hong Kong	212.310	Svíss	5.903.509
Írland	596.743	Svíþjóð	6.833.061
Ísrael	776.641	Tékkland	604.906
Ítalía	1.822.356	Thailand	23.013
Japan	3.747.104	Ungverjaland	165.576
Kanada	3.141.675	Ýmsar greiðslur:	2.673.408
Kólumbía	9.222	Samtals:	104.709.405

AÐRAR TEKJUR EN FLUTNINGSTEKJUR

Frá *Sambandi flytjenda og hljómplötframleiðenda* (SFH) þiggur STEF þóknun fyrir innheimtu SFH-gjalda, sem STEF innheimtir af viðskiptavinum samhliða innheimtu höfundaréttargjalda. Þær tekjur dragast frá rekstrargjöldum áður en til frádráttar kemur frá réttindatekjum, sem og hlutdeild í úthlutun IHM vegna eintakagerðar til einkanota, sem úthlutað er saman með flutningsréttindum fyrir bakgrunnstónlist. Þá tekur STEF á móti úthlutunum nokkurra umsýslustofnana sem og umsömdum greiðslum og ráðstafar áfram með úthlutunum úr hinum ýmsum sjóðum, en af þeim úthlutunum (sértekjum) er ekki dregið rekstrar-, eða umsýslugjald, né framlag í Menningarsjóð. Þessar tekjur eru tilgreindar í ársreikningi og eru:


Aðrar tekjur frá umsýsl.stofnunum 2022:	
29.373.046	Úthlutun frá IHM, vegna eintakagerðar til einkanota
26.465.854	Innheimtuþóknun frá SFH (Samb. flytjenda og hljómplötuframl.)
Sértekjur Tónmenntasjóða 2022:	
8.797.363	Úthlutun frá FJÖLÍS (Nótnasjóður)
19.107.738	Úthlutun frá IHM, vegna kapalútvarps (Upptökusjóður)
8.350.508	Sértekjur frá RÚV (Tónskáldasj. RUV & STEFs)
3.000.000	Sértekjur frá SÝN (Tónskáldasj. Bylgjunnar & Stöðvar 2)
3.000.000	Sértekjur, framlag STEFs (Tónskáldasj. Bylgjunnar & Stöðvar 2)
Ógreiddar úthl. við áramót 2022-2023:	
36.530.764	Ógreitt vegna úthlutana
30.440.854	Ógreiddur stögr.skattur af úthlutunum
212.533.948	Ógreidd erlend úthlutun (STIM)
279.505.566	Samtals ógreitt um áramót

Upplýsingar um meðlimi og skráningar 2022


Í lok ársins 2022 var fjöldi höfunda á skrá 9.193.
Nýjum höfundum fjölgaði um 673 á árinu 2022.
Fjöldi verka á skrá í lok ársins var 109.476.
Á árinu var flutningur skráður á 24.558 verk.
8.594 höfundar fengu greitt fyrir flutning verka sinna árinu.

Kynjaskipting 2022


HÖFUNDAR Á SKRÁ



AÐILD: NÝSKRÁÐ VERK 2022



ÚTHLUTUN 2022



Svipmyndir frá STEFnumóti á Menningarnótt 2022





Guðmundur Þór Guðjónsson, fjármálastjóri STEFs, er völundur í hjáverkum. Fyrir skemmstu smíðaði hann þessa eftirlíkingu að Laufásvegi 40, sem ætluð er sem framtíðarheimili þrasta í bakgarðinum.